



Tækifærin nánast óendanleg


Árni Sigurjónsson, formaður Samtaka iðnaðarins, segir vaxtartækifæri iðnaðarins nánast óendanleg og takist þjóðinni að grípa þau verði hagvöxtur meiri en spár geri ráð fyrir. » 8-9



Viðskiptablaðið

Iðnþing 2023

FIMMTUDAGURINN 9. MARS 2023



Tækifæri til vaxtar í öflugum iðnaði

Vill meiri áherslu á upplýsingatækni

Valgerður Hrund Skúladóttir, framkvæmdastjóri Sensa, segir að ef Ísland ætli sér að verða nýsköpunarland þurfi að leggja enn meiri áherslu á upplýsingatækni. » 14-15



Gríðarlegur skortur á starfsfólki

Sævar Jónsson, formaður Félags blikksmiðju-eigenda, segir blikksmiði eina af þeim iðngreinum þar sem gríðarlegur skortur á starfsfólki hamli beinlínis vexti fyrirtækjanna. » 10-12



Við þurfum að halda áfram að bæta skilyrði til nýsköpunar og byggja upp innviði sem styðja við verðmætasköpun, einfalda regluverk, og huga að því að starfsumhverfi fyrirtækja sé skilvirk.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI

» 2-6



Auka þarf gæði háskólanna

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ráðherra segir að auka þurfi gæði háskólanna, virkja rannsóknir betur í nýsköpun og efla rannsóknarhlutverk skólanna. » 22-24



Einfalda þarf innflytjendalögin

Guðmundur Árnason, fjármála- stjóri Controlant, segir nauðsynlegt að einfalda þunglamaleg innflytjendalög svo að fyrirtæki geti ráðið fólk með sérhæfða þekkingu til starfa. » 16-18



Byggja þarf 35 þúsund íbúðir

Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra segir jafnvægi í húsnaðismálum forsendu jafnvægis í efnahagsmálum og þess vegna þurfi að byggja 35 þúsund nýjar íbúðir á næstu 10 árum. » 26-27

Áratugur hugverkaiðnaðar

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir mikil vaxtartækifæri í íslenskum iðnaði. Vegna þessa telji samtökin hagvaxtarhorfur á Íslandi hjartari en greiningaraðilar hafa spáð. Hann segir þriðja áratuginn sem nú stendur yfir vera áratug hugverkaiðnaðar, sem verði stærsta útflutningsstoðin áður en áratuginn rennur sitt skeið.

SVEINN ÓLAFUR MELSTED
sveinn@vb.is

Iðnaður er stærsta atvinnugrein landsins og við trúum því að mestu vaxtartækifærin liggi þar. Ég held að það komi mörgum á óvart hve viðamikilið umfang iðnaðarins er. Nærri einn af hverjum fjórum á íslenskum vinnumarkaði, eða um 47 þúsund manns, starfar í iðnaði og hann stendur undir 44% af útflutningstekjum landsins. Iðnaðurinn hefur vaxið á síðustu árum og þá sérstaklega hugverkaiðnaður, sem hefur fest sig í sessi sem fjórða stoðin í gjaldeyrisöflun þjóðarþúsins. Það eru gríðarleg vaxtartækifæri í hugverkaiðnaði, sem og í öðrum greinum iðnaðar, ekki síst vegna orkuskipta,” segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Hann bendir á að óstöðugleiki hafi verið eitt helsta einkennismerki íslensks hagkerfis í gegnum tíðina en hugverkaiðnaður hafi og geti leitt til aukins stöðugleika. „Í kringum 1960 var farið af stað í að sækja tækifæri þess tíma, sem fólst í því að virkja fallvötnin og leita að stórum kaupanda að orkunni. Það jók stöðugleika og verðmætisköpun í hagkerfinu. Í hugverkaiðnaði voru svo fyrirtæki á borð við Marel og Össur ákveðnir brautryðjendur. Fyrir ekkert svo löngu var oft talað um að núll til eitt fyrirtæki af slíkri tegund og stærðargráðu kæmist á legg á hverjum áratug. Það má segja að fyrsti áratugur 21. aldarinnar hafi verið áratugur fjármála- markaða í atvinnulífinu. Annar áratugurinn var áratugur ferðahjónustu en ég get nánast fullyrt að þriðji áratugurinn verði áratugur hugverkaiðnaðar. Enda erum við á þessum áratug ekki að sjá núll til eitt fyrirtæki komast á legg og verða stórt á hverju ári, heldur nokkur.“

Á Iðnþinginu fái viðstaddir einmitt að heyra sögu nokkurra slíkra fyrirtækja. „Þessi fyrirtæki verða til vegna drifkrafts

frumkvöðlanna sem stofna þau, þróa hugmyndir sínar og skapa úr þeim verðmæti. Annað sem skiptir ekki síður máli er hvernig stjórnvöld hafa fjárfest í þessari uppbyggingu í gegnum skattahvata vegna rannsókna og þróunar. Þegar þetta tvennt fer saman uppskerum við sem samfélag ríkulega. Við ætlum að varpa ljósi á þetta á Iðnþinginu. Hvernig iðnaðurinn hefur þróast og orðið mjög stór hluti af íslensku efnahagslífi, en ekki síður hvernig þessi vaxtar-

Það eru gríðarleg vaxtartækifæri í hugverkaiðnaði, sem og í öðrum greinum iðnaðar, ekki síst vegna orkuskipta.

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI

tækifæri líta út. Ekkert af þessu verður þó að veruleika nema með réttum mannauði, aukinni grænni orku og stórfelldri uppbyggingu, á íbúðarhúsnæði og innviðum.“

Hugverkaiðnaður verði stærsta stoðin

Sigurður segir mikla umræðu hafa átt sér stað í samfélaginu fyrir um tveimur áratugum um að þjóðin þyrfti að horfa til þess að byggja upp nýjar atvinnugreinar. Á þeim tíma hafi hins



Sigurður Hannesson hefur stýrt Samtökum iðnaðarins í að verða sex ár.

VB MYND/EVA BJÖRK



Pitt fyrirtæki í aðalhlutverki

Við höfum reynslu, réttu lausnirnar og ástríðu fyrir því að fyrirtækið þitt eigi stórleik á sínu sviði atvinnulífsins. Kraftmikil verðmætasköpun stendur undir þeirri velsæld sem Íslendingar búa við.

Við erum stolt af því að stór hluti fyrirtækja, af öllum stærðargráðum, treysta okkur fyrir sínum viðskiptum.

islandsbanki.is



Sigurður segir SI telja hagvaxtarhorfur á Íslandi bjartari en greiningaraðilar hafa spáð.

VB MYND/EVA BJÖRK

vegar verið fátt um svör um hvaða atvinnugreinar það ættu að vera. „Hugverkaiðnaðurinn festi sig svo í sessi sem ein af þessum nýju atvinnugreinum og í dag er hann ekki bara fjórða stoð útflutnings heldur teljum við góðar líkur á að hann verði verðmætasta stoðin þegar yfirstandandi áratugur er á enda. Hugverkaiðnaður er þegar orðinn sú stoð sem skapar mest innlend verðmæti, vegna þess að velta hinna stoðanna er að mestu útflutningur en velta hugverkaiðnaðar er einnig að nokkru leyti innlend.“

Hann segir að fram undan sé einnig mikil uppbygging í öðrum greinum iðnaðar, framleiðsluiðnaði og mannvirkjagerð. „Miðað við þær áætlanir og stefnur sem gefnar hafa verið út af stjórnvöldum virðist mikið uppbyggingarskeið fram undan. Þar má t.d. nefna yfirlýsingu innviðaráðherra um uppbyggingu 35 þúsund íbúða næsta áratuginn sem verið er að fylgja eftir með samningum við sveitarfélög. Einnig má nefna markmið um að Ísland verði kolefnishlutlaust og óháð jarðefnaeldsneyti árið 2040. Því fylgja risavaxnar fjárfestingar og á vefnum orkuskipti.is, sem við hjá SI stöndum að ásamt Landsvirkjun, Eflu og Samorku, er umfang framkvæmda bara

Tekist að auka aðsókn í iðnnám verulega

- Eins og fyrr segir hefur ein helsta áskorun byggingariðnaðarins falist í skorti á starfsfólki. Sigurður segir að nú horfi þó til betri vegar og stór framfaraskref hafi verið stigin í að efla aðsókn í iðnnám á undanförunum árum. „Fyrir nokkrum árum var aðsóknin í iðnnám lítil. Við hjá SI fórum af stað í verkefni ásamt stjórnvöldum þar sem markmiðið var að auka aðsóknina. Núna örfáum árum síðar er staðan sú að það þarf að vísa hundruðum umsókna frá á ári hverju, svo að árangurinn er glæsilegur. Þá urðu aftur á móti til nýjar áskoranir sem felast í að útvega þarf stærra húsnæði undir skólana svo að þeir geti annað eftirspurn, sem er auðvitað ákveðið lúxusvandamál.“

44

Iðnaður stendur undir 44% af útflutningstekjum Íslands.

við orkuöflun og flutning metið á 800 milljarða króna. Full orkuskipti skapa einnig tækifæri í vetnis- og rafeldsneytisframleiðslu á Íslandi og eru fjölmörg slík verkefni í þróun. Loks má nefna samgönguáætlun og annað henni tengt.“

Á Iðnþinginu muni aðal- hagfræðingur SI fara yfir það hvers vegna samtökin telji hagvaxtarhorfur á Íslandi bjartari en greiningaraðilar hafa

spáð. „Annars vegar teljum við að útflutningur verði meiri og öðruvísi samsettur en spár gera ráð fyrir og hins vegar að fjárfestingar tengdar innviðaframkvæmdum verði meiri. Þegar þetta tvennt kemur saman má ætla að hagvöxtur geti orðið meiri en spáð er á næstu árum. Það er mjög jákvætt fyrir lífsgæði landsmanna og hið opinbera, sem þarf svo sannarlega að rétta rekstur sinn af,“ segir Sigurður.

Krefjandi tímar

„Heilt yfir er mikið að gera hjá flestöllum fyrirtækjum í iðnaði og næg verkefni til staðar,“ segir Sigurður. Aðstæður séu þó krefjandi og hafi verið það um nokkurt skeið. „Það hafa verið átök á vinnumarkaði, laun eru sífellt að hækka og það er mikil áskorun fyrir fyrirtækin

”

Það hafa verið átök á vinnumarkaði, laun eru sífellt að hækka og það er mikil áskorun fyrir fyrirtækin að mæta því. Verðbólgan hefur einnig mikil áhrif.

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI

að mæta því. Verðbólgan hefur einnig mikil áhrif. Aðföng hafa hækkað í verði og það hefur auðvitað áhrif á allan rekstur. Síðustu þrjú árin hafa einkennst af krefjandi áskorunum í ljósi alls sem hefur gengið á,“ segir Sigurður og vísar þar til neikvæðra áhrifa sem heimsfaraldurinn og innrás Rússa inn í Úkraínu hafa haft á heimsbúskapinn. „Þetta hefur óhjákvæmilega hvatt fyrirtækin til þess að horfa meira inn á við, leita að svigrúmi til að gera hlutina á hagkvæmari og skilvirkari hátt.“

„Verðbólgan hér á Íslandi er þó að talsverðu leyti heimatilbúin,“ segir Sigurður og vísar þar til húsnæðismarkaðarins. „Framan af var húsnæðismark-

Tökum vel á móti fram tíðinni

Markmið Landsvirkjunar er að styðja við og stuðla að nýjum og grænum orkutengdum tækifærum. Þannig leiðum við græna þróun til framtíðar.

”

Ef við segjum að glasið sé hálffullt sjáum við veruleg tækifæri, eins og við munum ræða á Iðnþinginu.

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI

stuðla að vexti hans til framtíðar. „Við höfum unnið með félagsmönnum okkar, sem eru um 1.400 fyrirtæki sem starfa innan ólíkra greina iðnaðar um land allt, og gefið út fjölda rita og skýrslna um stöðu iðnaðarins hér á landi og um leið lagt fram tillögur til úrbóta. Við viljum koma því á framfæri við stjórnvöld hvernig þau geta stutt við aukna verðmætasköpun á Íslandi, fjölgað eftirsóttum störfum og stutt þannig við lífsgæði allra landsmanna.“

Sigurður segir hægt að horfa á áskoranirnar sem iðnaðurinn standi frammi fyrir með ólíkum hætti. „Glasið getur annars vegar verið hálffullt eða hins vegar hálfómt. Ef við segjum að glasið sé hálffullt sjáum við veruleg tækifæri, eins og við munum ræða á Iðnþinginu. Við sjáum mikla möguleika sem geta orðið að veruleika en það er háð því að einhverjar breytingar. Við þurfum að ráðast í breytingar á menntakerfinu því við þurfum fleiri iðn- og tæknimenntaða á vinnu-markaðinn. Við þurfum að halda áfram að bæta skilyrði til nýsköpunar og byggja upp innviði sem styðja við verðmætasköpun, einfalda regluverk, og huga að því að starfsumhverfi fyrirtækja sé skilvirk. Hjá SI leggjum við okkar að mörkum með aðildarfélögum okkar með því að benda á hvar úrbótartækifæri liggja. Aftur á móti ef við segjum að glasið sé hálfómt lítum við svo á að vaxtatekifærin verði ekki að veruleika því forsendurnar séu einfaldlega ekki til staðar. Við eigum ekki nóg af menntuðu fólki, það vantar orku, betri innviði o.s.frv. Með slíku hugarfari förum við á mis við tækifærin og þá verður engin framþróun.“

Hann segir mikilvægt að hafa í huga að þó að SI vilji alltaf sjá hraðar breytingar meggi ekki gleyma því að margt smátt gerir eitt stórt. „Okkur finnst kannski hvert og eitt framfaraskref vera lítið og jafnvel ekki skipta neinu máli. Þessi litlu skref hafa þó komið okkur býsna langt í gegnum tíðina.“



„Heilt yfir er mikið að gera hjá flestöllum fyrirtækjum í iðnaði og næg verkefni til staðar.“

VB MYND/EVA BJÖRK

aðurinn hvati þess að verðbólgan fór á flug. Ástæða mikilla hækkana á íbúðaverði er einföld; um langt skeið hefur ekki verið nógu mikið byggt af íbúðarhúsnæði. „Það er leitt að sjá hvaða afleiðingar þessi skortur á uppbyggingu hefur haft á húsnæðismarkaðinn. Hér hjá SI sáum við fyrstu merki þess í hvað stefndi á íbúðamarkaði árið 2019 og vörðum við að ef ekki yrði gripið inn í stefndi í óefni eftir tvö til þrjú ár. Því miður var ekki brugðist við og sú staða sem við óttuðumst varð að veruleika.“

Spurður um ástæðu þess að ekki hafi verið byggt nóg undanfarin ár segir Sigurður erfitt að skella skuldinni á einn ákveðinn aðila. „Það eru margir sem koma að framkvæmdinni. Ríkið í gegnum regluverk, sveitarfélögin í gegnum leyfisveitingar, eftirlit og skipulag, og svo auðvitað verktakar og framkvæmdaradilar. Það hefði þurft að einfalda regluverkið fyrr. Það er búið að taka góð skref í þá átt en það þarf meira til. Síðan snýr vandinn einnig að skipulagi sveitarfélaga og framboði lóða sem þau bjóða upp á. Fjármögnun hefur ekki

verið vandamál en eftir því sem stýrivextir fara hækkandi verður sífellt dýrara að framkvæma. Fjármögnun verkefna gekk heilt yfir vel á síðasta ári og það er of snemmt að segja til um hvort hækkandi stýrivextir leiði til þess að fjármögnun verkefna gæti orðið mikið vandamál á þessu ári.“

Er glasið hálffullt eða hálfómt?

Sigurður segir SI eiga í nánú samstarfi við félagsmenn sína við að leggja fram tillögur til stjórnvalda um hvernig meggi bæta starfsumhverfi iðnaðarins til að

SI



60 sprotafyrirtæki með rætur í HR

Þetta er „Sprotasól“ Háskólans í Reykjavík. Hún sýnir sprotafyrirtæki með bein tengsl við HR. Líðlega 60 nýsköpunarfyrirtæki hafa verið stofnuð af nemendum og starfsfólki HR frá stofnun skólans árið 1998. Flestir þessara sprota spretta upp úr lokaverkefnum og/eða rannsóknum. Þeim er hér raðað í tímaröð í grafík, sem við köllum Sprotasólinu í takti við samnefnda miðju aðalbyggingar HR.



Árni Sigurjónsson, sem starfar sem yfirlögfræðingur hjá Marel, hefur verið formaður Samtaka iðnaðarins í tæplega þrjú ár.

VB MYND/ADSEND

Tækifærin til vaxtar nánast óendanleg

”

Samtök iðnaðarins hafa að mínu mati sjaldan eða aldrei verið öflugri en nú þegar styttest óðum í 30 ára afmælið og félagsmönnum hefur fjölgað hratt á undanförunum árum.

Árni Sigurjónsson, formaður SI

til þjóðarbúsins. Flest könnuðst við við gömul og góð hugverka-fyrirtæki á borð við Marel, Össur og CCP en svo hafa fyrirtæki eins og Controlant, Keracis, Nox Medical og Alvotech, svo fá séu nefnd, verið að gera sig gildandi á undanförunum árum. Að sama skapi eigum við ógrynni af spennandi og öflugum fyrirtækjum í græna orkugeiranum. Erlend ríki horfa öfundaraugum til Íslands vegna sérstöðu okkar í framleiðslu og nýtingu grænnar orku. Það eru því mikil tæki-

Árni Sigurjónsson, formaður Samtaka iðnaðarins, segir vaxtartækifæri iðnaðarins hér á landi nánast óendanleg. Samtökin telji að ef þjóðinni takist að grípa vaxtartækifærin sem séu til staðar geti hagvöxtur orðið meiri á næstu árum en opinberar spár gera ráð fyrir.

SVEINN ÓLAFUR MELSTED
sveinn@vb.is

Það er alltaf mikið tilhlökkunarefni að hitta okkar frábæru félagsmenn á Iðnþingi og við eigum von á fjölmenni. Stórir viðburðir á borð við Iðnþing skipta miklu máli. Fólk úr iðnaði og öðrum greinum atvinnulífsins hittist, ber saman bækur sínar og á gott samtál. Það má ekki vanmeta þennan félagslega þátt. Samtök iðnaðarins hafa að mínu mati sjaldan eða aldrei verið öflugri

en nú þegar styttest óðum í 30 ára afmælið og félagsmönnum hefur fjölgað hratt á undanförunum árum,” segir Árni Sigurjónsson, formaður Samtaka iðnaðarins (SI).

„Tækifæri til vaxtar í öflugum iðnaði“ er yfirskrift Iðnþings samtakanna í ár. Árni segir dagskrá þingsins einmitt einblína á vaxtartækifærin sem til staðar séu í iðnaði hér á landi og varpa ljósi á hversu öflugur hann sé. „Iðnaðurinn stendur að baki stórum hluta verðmæta-sköpunar og útflutningstekna í hagkerfinu. Með hliðsjón af tölum Hagstofunnar skapar íslenskur iðnaður, sem spannar mjög breitt svið, 44% útflutningstekna þjóðarinnar. Auk þess starfa hérlandis um 47 þúsund manns í iðnaði.“

Þetta sýni svart á hvítu hvað iðnaðurinn sé mikilvægur þjóðarþúinu. „Ólíkt sjávarútvegi

og ferðaþjónustu, sem eru mikilvægar stöðir útflutningstekna þjóðarinnar ásamt orkusæknum iðnaði og hugverkaiðnaði, eru tækifærin til vaxtar í iðnaði nánast óendanleg. Tækifærin eru sérstaklega mikil í hugverkaiðnaðinum, sem þarf ekki að treysta á takmarkaðar náttúruauðindir heldur snýst fyrst og fremst um að reyna á mátt hugans og virkja hugvitið,” segir Árni og bætir við að á Iðnþinginu verði að sjálfsögðu einnig fjallað um vaxtartækifæri annarra greina iðnaðar.

Árni bendir á að mörg glæsileg fyrirtæki sem reiði sig á hugverk hafi hafið starfsemi hér á landi á undanförunum árum. „Fyrirtækin eru í hröðum vexti, sífellt að bæta við sig starfsfólki og eru mörg hver þegar með töluverð umsvif utan landsteinanna. Þessi fyrirtæki bjóða upp á verðmæt störf og skila miklu

SI

”

Tækifærin eru sérstaklega mikil í hugverkaiðnaðinum, sem þarf ekki að treysta á takmarkaðar náttúruauðlindir heldur snýst fyrst og fremst um að reyna á mátt hugans og virkja hugvitið.

Árni Sigurjónsson, formaður SI

færi til staðar fyrir íslensk fyrirtæki í græna orkugeiranum að nýta reynslu sína til góðs með því að hasla sér völl erlendis og taka jafnvel leiðandi stöðu á sínu sviði á heimsvísu.“

Árni segir SI hafa óbilandi trú á íslenskum iðnaði. Samtökin séu fullviss um að iðnaðurinn geti vaxið og aukið verðmætasköpun á öllum sviðum. „Skilyrði til vaxtar eru almennt mjög góð. Iðnaðurinn stóð sig mjög vel og óx í kjölfar hrunsins og gerði það einnig í gegnum þessi erfiðu Covid-ár. Það var vöxtur í flestum greinum iðnaðar þrátt fyrir þær áskoranir sem faraldurinn hafði í för með sér. Það hefur aðeins gefið á bátinn í framleiðsluiðnaði og það eru enn allt of miklar sveiflur í mann-virkjageiranum, þá sérstaklega í byggingariðnaði. Húsnæðismarkaðurinn og innviðaframkvæmdir eru undir mannvirkja- og byggingariðnaði komnar, svo að þessi iðnaður er gífurlega verðmætur og mikilvægur. Við hjá SI höfum því kallað eftir ákveðnum stöðugleika og framtíðarsýn, bæði frá stjórnvöldum og atvinnulífinu í heild sinni. Það þarf að fara heildrænt yfir hvar iðnaðurinn getur vaxið og einblína svo á að styðja við þann vöxt með öllum mögulegum ráðum.“

Verðbólga og skortur á starfsfólki

Aðspurður segir Árni stöðu iðnaðarins misjafna eftir geirum en þegar horft sé yfir sviðið í heild standi iðnaðurinn, eins og aðrar atvinnugreinar, frammi fyrir ýmsum áskorunum. „Eins og staðan er núna snúast helstu áskoranirnar um stöðu efnahagsmála, bæði hér heima og erlendis. Við erum að sigla út úr þessum Covid-árum og afleiðingar faraldursins, sem og innrásar Rússa í Úkraínu, eru öllum sýnilegar í formi verðbólgu



Stór verkefni í byggingariðnaði

- Árni segir jákvæð teikn á lofti í byggingariðnaði, enda stór verkefni fram undan í íbúðauppbýggingu sem og í innviðaframkvæmdum á vegum hins opinbera. „Við höfum glímt við húsnæðisskort í allt of langan tíma en sem betur fer virðast stjórnvöld hafa áttað sig á stöðunni og brugðist við. Innviðaráðherra hefur lýst því yfir að 35 þúsund íbúðir verði byggðar næsta áratuginn. Sveitarfélögin eru svo í því ferli, eitt af öðru, að ganga frá samkomulagi við ráðuneytið um þessa uppbyggingu. Að sama skapi eru stórar framkvæmdir á döfinni á vegum hins opinbera. Það ætti því að vera nóg að gera í byggingariðnaði næstu árin og við fögnum því auðvitað að það sé búið að marka ákveðna stefnu til framtíðar. Í gegnum tíðina hafa sveiflur í byggingariðnaði verið mun ýktari en almennt séð í hagkerfinu, sem veldur iðnaðinum miklum vandkvæðum. Þessi stóru og framsýnu áform veita fyrirtækjunum ákveðinn fyrirsjáanleika og það er mjög jákvætt.“

og hækkandi vaxtastigs. Við erum þó að mörgu leyti í betri stöðu en mörg önnur hagkerfi, sem sjá sum hver fram á samdrátt, og búum blessunarlega við hagvöxt. Það gengur full hægt að ná tökum á verðbólgunni sem stendur, enda erum við háð ansi mörgum utanaðkomandi þáttum og viðvarandi skortur á nýju húsnæði hefur svo sannarlega sitt að segja í þeim efnum.“

Skortur á starfsfólki standi iðnaðinum einnig fyrir þrífum. „Það er gömul saga og ný að bæði skortir okkur iðnmennt-

að fólk sem og margs konar sérfræðinga. Vel menntað og öflugt starfsfólk er grundvöllur þess að iðnaðurinn nái að vaxa og dafna. Til að hugverka-iðnaðurinn nái að vaxa enn frekar þurfum við að mennta fleira fólk á ákveðnum sviðum og sömuleiðis að laða til okkar sérfræðinga að utan. Við hjá SI höfum einmitt lagt áherslu á að greiða fyrir komu erlendra sérfræðinga til landsins. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir vaxtarfyrirtækin okkar í hugverkaiðnaði, þar sem það er oft á tíðum skortur á starfsfólki

með ákveðna sérþekkingu á Íslandi. Stjórnvöld hafa verið að leita leiða til að auðvelda erlendum sérfræðingum að setjast að á Íslandi og mörg jákvæð skref hafa verið tekin á undanförunum árum. En betur má ef duga skal.“

Hagvöxtur umfram spár

Þrátt fyrir framangreindar áskoranir kveðst Árni mjög bjartsýnn fyrir framtíð iðnaðarins á Íslandi. „Það er óneitanlega mikil óvissa í heiminum öllum vegna efnahagsástandsins. Iðnaðurinn hefur þurft að kljást við áskoranir í aðfanga-keðjum og skort á hráefnum í kjölfar heimsfaraldursins. Þetta hefur óhjákvæmilega haft áhrif á íslenskt hagkerfi en eins og áður segir hefur íslenskur iðnaður gríðarleg tækifæri til vaxtar hringinn í kringum landið. Á Iðnþingi ætlum við að varpa ljósi á hvar við teljum þessi tækifæri helst liggja. Ef okkur tekst að grípa vaxtar-tækifærin sem eru til staðar teljum við að hagvöxtur geti orðið meiri á næstu árum en opinberar spár gera ráð fyrir. Það er því til mikils að vinna fyrir samfélagið allt.“



Námið samræmist betur þörfum fyrirtækja

Formaður Félags blikksmiðjueigenda segir eitt helsta áherslumál félagsins að vinna að úrbótum á blikksmiðjunáminu svo að það samræmist betur þörfum fyrirtækja í greininni. Hann segir blikksmiði eina af þeim iðngreinum þar sem gríðarlegur skortur sé á starfsfólki, og bætir við að skorturinn hamli beinlínis vexti fyrirtækjanna.

JÓHANN ÓSKAR JÓHANNSSON
johann@vb.is

Blikksmiðja Guðmundar var stofnuð þann 1. apríl 1975 af Guðmundi Jens Hallgrímssyni, en starfsemin hefur alla tíð farið fram á Akranesi. Sævar Jónsson keypti félagið þann 5. janúar 2007, en hann hafði þá starfað hjá Guðmundi í rúm tíu ár. „Ég var nýmættur þegar ég fékk hrúnið í andlitið. Við vorum sem betur fer að þjónusta stóriðjuna, Norðurál og Elkem, og vorum ekki í þessum áhættumiklu verkefnum. Við lentum því ekki í neinu höggi þannig lagað þó að peningastaða fyrirtækisins hafi ekki verið frábær,“ segir Sævar.

Starfsemi fyrirtækisins hefur breyst umtalsvert í gegnum tíðina, en í dag er fyrirtækið fyrst og fremst að sjá um loftræstikerfi, bæði í byggingargeiranum og stóriðjunni. „Við vorum fyrst um sinn mikið að þjónusta útgerðina og Elkem Ísland. Í dag erum við mest að vinna í byggingargeiranum, og þá aðallega uppsetningu á loftræstikerfum. Þá erum við einnig að sjá um loftræstikerfi fyrir stóriðjuna, nánar tiltekið fyrir Elkem og Norðurál. Við erum enn fremur í innflutningi á ýmsum hlutum sem þarf til að viðhalda loftræstikerfi,“ segir Sævar.



Við þurfum fyrst og fremst að horfa á að styrkja íslenskt iðnmenntakerfi svo að það mæti þörfum atvinnulífsins.

Sævar Jónsson, formaður Félags blikksmiðjueigenda

Hann bætir við að blikksmiðjur hafi flestallar þróast í þessa átt, úr því að vera nánast bara viðhaldsgrein yfir í að vera þjónustu- og tæknigrein. „Blikksmiðafyrirtæki eru að þróast í að verða tæknifyrirtæki sem starfa í nánnum



Sævar keypti Blikksmiðju Guðmundar í byrjun árs 2007 en hafði fram að því starfað fyrir félagið í tíu ár.

VB MYND/EYÞÓR

tengslum við aðrar iðngreinar, á borð við pípara og rafvirkja.“

Vinna að umbótum á blikksmiðanáminu

Auk þess að vera eigandi Blikksmiðju Guðmundar er Sævar formaður Félags blikksmiðjueigenda á Íslandi, og raunar formaður sama félags á Norðurlöndum líka. Hann segir eitt

helsta áherslumál félagsins hér heima að vinna að umbótum á blikksmiðanáminu og fá fleiri til að mennta sig í blikksmiði. Námið hafi verið óbreytt í 25 ár á sama tíma og greinin hafi breyst mikið. „Við erum að fara í umbótaverkefni á námi í blikksmiði með styrk frá Framfarasjóði SI. Markmiðið er að námið samræmist betur þörfum

fyrirtækjanna fyrir starfsfólk og nýliðun. Núverandi staða er óviðunandi.“

Hann segir að farið verði í að meta hvað greinin þarf og vill til samanburðar við það nám sem er í boði. Úr þeirri vinnu gæti komið tillaga að nýrri námskrá fyrir námið í blikksmiði sem fullnægi betur þörfum fyrirtækjanna. „Við erum að fara í



Glæsilegar þýskar innréttingar



Verið velkomin í sýningarsalinn að Suðurlandsbraut 26

INN
lifun

Suðurlandsbraut 26 Sími 587 2700

Opið 11-18 virka daga, 11-16 laugardaga.

innlifun.is



Sævar segir að mögulega þurfi að breyta blikksmiðanáminu svo það fullnægi betur þörfum fyrirtækjanna.

”

Blikksmiðafyrirtæki eru að þróast í að verða tæknifyrirtæki sem starfa í nánnum tengslum við aðrar iðngreinar, á bord við pípara og rafvirkja.

Sævar Jónsson, formaður Félags blikksmiðjueigenda

mest er vöntun á starfsfólki með iðnmenntun, en 52% aðspurðra fyrirtækja telja sig skorta starfsfólk með iðnmenntun. „Við erum að standa okkur verst í því að mæta þörfum markaðarins fyrir iðnmenntað starfsfólk. Það þarf að ráðast í markvissar aðgerðir til að tryggja að fleiri hefji nám í þessum greinum og draga úr brottfalli.“

Hann segir blikksmiði eina af þeim greinum þar sem gríðarlegur skortur sé á starfsfólki. Skorturinn hamli beinlínis vexti fyrirtækjanna. „Við þurfum fyrst og fremst að horfa á að styrkja íslenskt iðnmenntakerfi svo að það mæti þörfum atvinnulífsins. Öflugt menntakerfi er ein af grunnstoðum íslensks atvinnulífs.“ Spurður af hverju enn vanti fólk í iðnmenntun segir hann námsferil foreldra oft á tíðum hafa áhrif á námsákvæðanir barna þeirra. „Ef foreldrarnir eru ekki menntaðir á sviði iðnaðar eða þekkja jafnvel lítið til iðnmenntunar eru ef til vill minni líkur á að börn þeirra leggi stund á iðnám.“

Sævar segir það samfélagslegt verkefni að fjölga fólki í iðnmenntum. „Það þarf að hætta að vera tabú að vera iðnaðarmaður og það á að tala greinina upp. Einstaklingur sem lærir iðnnám er að jafnaði mun fljótarí að koma undir sig fótunum í lífinu en aðrir sem stunda hefðbundið nám, og er á mjög góðum tekjum um leið og náminu lýkur.“

„Það er enn fremur mikilvægt að samstaða ríki um það réttindakerfi sem gildir um iðngreina, en löggilding iðngreina, þar á meðal blikksmiði, hefur verið stór hluti af gæða- og öryggisumhverfi byggingariðnaðar. Öll viðleitni til að tala greinarnar niður og jafnvel draga úr vægi þeirra, í þeirri vegferð að kollvarpa mennta- og réttindakerfi þessara greina, mun fyrirsjáanlega draga úr aðsókn í námið og jafnframt vinna gegn mikilvægri þróun í átt að aukinni fagmennsku,“ bætir Sævar við.

þarfagreiningu þar sem hópur félagsmanna fer yfir það hvað blikksmiðjur gera dags daglega og svo munum við reyna að samtvinnna það við námið og námskrána.“

Sævar er jafnframt sannfærður um að ef blikksmiðin verði skilgreind sem hluti af byggingargeiranum í stað málmiðnar, sem hann telur eðlilegt miðað við stöðu blikksmiði og verkefna, muni það breyta ímynd greinarinnar og mögulega fjölga fólki í blikksmiðanámi. „Við erum raunverulega á þeirri skoðun að við séum ekki lengur málmiðnaðargrein, heldur byggingargrein.“

Skorturinn hamli vexti fyrirtækjanna

Sævar segir mörg aðkallandi verkefni fram undan á húsnæðismarkaðnum. Til að sinna þeim verkefnum þurfi fleira fagfólk úr fjölbreyttum

6,6 milljarða uppbyggingaráform

- Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, kynnti í síðustu viku stórtæk uppbyggingaráform varðandi starfsnám í framhaldsskólum. Á næstu 5-6 árum ætla stjórnvöld að reisa viðbyggingar við alla þá framhaldsskóla sem bjóða upp á verknám, til að mæta fjölgun nemenda sem viðbúið er að muni leggja stund á verknám. Þannig miðar ný spá Hagstofunnar um fjölgun nema í framhaldsskólum við að fjöldi þeirra sem velji verknám á næstu tíu árum verði kominn upp í 42,5%. Stofnkostnaður við uppbygginguna er 6,6 milljarðar, þar af er hlutur ríkisins 4 milljarðar og sveitarfélaganna 2,6 milljarðar.

Sævar Jónsson, eigandi Blikksmiðju Guðmundar, segir áform ráðherra lofa góðu og vonar hann að gjörðir fylgi orðum. „Orð og gjörðir stjórnvalda hafa ekki alveg fylgt á undanförunum árum um að þau vilji fjölga fólki í iðnmenntun. Vonandi breytist það, enda skiptir sterkt menntakerfi íslenskan iðnað miklu máli og er gríðarlega mikilvægt fyrir fyrirtæki okkar.“

iðnaði. „Uppbygging íbúðarhúsnæðis, atvinnuhúsnæðis og stofnana í samræmi við þörf markaðarins kallar á fjölmargt fagfólk í iðnaði. Þar fyrir utan er mikil viðhaldsþörf í þegar byggðu húsnæði og við þurfum að sinna því líka. Svo ekki sé minnst á uppbyggingu í


tengslum við orkuskiptin. Svo að fyrirtæki í byggingariðnaði geti mætt þessum vexti og sinnt eðlilegri viðhaldsþörf núverandi mannvirkja þarf að tryggja eðlilega og nægilega nýliðun í greinunum.“

Samkvæmt nýlegri könnun SA á meðal félagsmanna er ljóst að

Umhverfisvænar byggingarlausnir



Krosslímt timbur - Forsmíðuð baðherbergi - Klæðningar - Gluggar



Element ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í umhverfisvænum lausnum fyrir íslenskan byggingariðnað.

Meðal samstarfsaðila Element er austurríska fyrirtækið KLH Massivholz GmbH sem er brautryðjandi í framleiðslu og þróun á krosslímdu timbri til húsbygginga.

Element er í samstarfi við danska fyrirtækið GreenBox sem er framleiðandi á forsmíðuðum baðherbergiseiningum. Forsmíðuð baðherbergi eru að verða sífellt algengari og hafa í för með sér mikla hagræðingu í stærri byggingarverkefnum.

Element útvegar einnig önnur byggingarefni, s.s. glugga, hurðir og klæðningar.

Í gegnum fjölbreytt verkefni höfum við aflað okkur mikillar sérþekkingar og reynslu sem nýtist viðskiptavinum okkar. Við njótum þess að vinna að verkefnum okkar og tökum fagnandi nýjum áskorunum.

element.is





Valgerður segir nauðsynlegt fyrir fólk í upplýsingatæknigeiranum að vera í símenntun og uppfæra þekkingu sína reglulega.

VB MYND/EYÞÓR

Skortur á fólki í upplýsingatækni

Upplýsingatæknigeirann vantar fyrst og fremst fólk, hvort sem það er hámenntað eða ekki, segir Valgerður Hrund Skúladóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri upplýsingatæknifyrirtækisins Sensa. Hún segir að ef Ísland ætli sér að verða nýsköpunarland þurfi að leggja enn meiri áherslu á upplýsingatækni.

JÓHANN ÓSKAR JÓHANSSON
johann@vb.is

Skortur á starfsfólki er orðinn alheimsvandamál í upplýsingatæknigeiranum,“ segir Valgerður Hrund Skúladóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri upplýsingatæknifyrirtækisins Sensa.

Mikil umræða hefur skapast á undanförunum árum um skort á tæknimenntuðu fólki hérlandis. Í greiningu Samtaka iðnaðarins frá því í fyrra kom fram að níu þúsund sérfræðinga vantaði á

Með starfsfólk í átta löndum

● Sensa fagnaði 21 ára afmæli í síðasta mánuði, en félagið var keypt af norska félaginu Crayon Group AS árið 2021. Crayon er með um fimm þúsund starfsmenn úti um allan heim og er leiðandi á heimsvísu í upplýsingatækni og stafrænum lausnum. „Sensa starfar sjálfstætt innan Crayon og er með starfsfólk í átta löndum, en við tókum við ákveðnum verkefnum hjá Crayon og því fylgdi nýtt starfsfólk um allan heim. Við tókum því oft fundi í gegnum fjarfundarbúnað eins og Teams til að geta unnið saman sem hópur, óháð tímamismun og hvort fólk sitji heima hjá sér eða á skrifstofunni,“ segir Valgerður Hrund Skúladóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri upplýsingatæknifyrirtækisins Sensa. Hún segir framtíðaráform Sensa að sækja á erlenda markaði en um leið að leggja áherslu á innlandan markað. „Tækifærin eru óendanleg og okkur langar að gera svo margt. Við þurfum hins vegar að passa upp á núverandi viðskiptavinum okkar, sem eru það dýrmætasta sem við eigum. Stundum neyðumst við til að neita nýjum tækifærum, einfaldlega vegna þess að okkur skortir starfsfólk í að sinna þeim verkefnum.“

næstu fimm árum í hugverka-iðnaði. Þá sögðust um 80% af fyrirtækjum sem tóku þátt í könnun SI í byrjun sumar 2022 vanta starfsfólk í upplýsingatækni til þess að viðhalda starf-


semi sinni og styðja við áframhaldandi vöxt í upplýsingatækni. Valgerður tekur undir það að mikið vanti af vel menntuðu fólki en segir að upplýsingatæknigeirann vanti fyrst og

”

Ef þú ert ekki stöðugt að læra eitthvað nýtt, kynna þér hluti og bæta við þig þekkingu, þá verður þú úreltur. Það á við um alla í upplýsingatæknigeiranum.

Valgerður Hrund Skúladóttir,
stofnandi og framkvæmdastjóri Sensa

fremst fólk, hvort sem það sé hámenntað eða ekki. Hún segir allan gang á því hvernig fólk sækir sér menntun og þekkingu. „Margir þeirra sem stofnuðu fyrstu internetveiturnar hér á landi voru 16 ára strákar sem lærðu allt sjálfir í gegnum tölvuleiki. Ég þekki líka marga sem menntuðu sig í gegnum námskeið hjá fyrirtækjum á borð við Cisco. Mest menntaða fólkið okkar sem starfar í netkerfum fór aðra leið en að stunda hefðbundið háskólanám.“



13%

Um 13% af starfskrafti
Sensa eru konur.

Valgerður segir að enn í dag sé erfitt að fá konur til starfa. „Um 13% af starfskrafti fyrir- tækisins eru konur, og þær eru allar frábærar. En það verður að segjast að við eigum erfitt með að fá fleiri konur til starfa. Ég held að staðalímyndin sem var á upplýsingatækninni í gamla daga, að þetta væru einhverj- ir tölvunörðar að setja saman tölvur, berandi búnað hægri vinstri, sé mögulega enn að hafa áhrif. Staðreyndin er hins vegar sú að geirinn hefur breyst mjög mikið og í dag er þetta mikil rök- ræn vinna. Fólk er að takast á við mjög skemmtileg verkefni.“

Sífelldar kollsteypur í geiranum

Valgerður segir tækniupp- götvanir síðastliðinna þriggja áratuga vera stöðugar byltingar. „Það eru stöðugar kollsteypur í geiranum og miklar breytingar að eiga sér stað. Það eru sí- fellt ný störf að verða til. Í dag

vantar okkur til dæmis mikið af DevOps-sérfræðingum og aðra skýjaarkitekta til að vinna við skýjalausnir.“ Hún bætir við að Covid-faraldurinn hafi ýtt við þeirri þróun að fyrirtæki sækji sér aðstoð og þjónustu við að innleiða skýjalausnir í starfsemi sinni.

Hún segir nauðsynlegt fyrir fólk í geiranum að vera í sí- menntun og uppfæra þekkingu sína reglulega.

„Ef þú ert ekki stöðugt að læra eitthvað nýtt, kynna þér hluti og bæta við þig þekkingu, þá verður þú úreltur. Það á við um alla í upplýsingatæknigeiranum. Þegar mín kynslóð kemur úr skóla var heimurinn allt annar því hlutirnir voru ekki til. Tæknin sem við erum að upplifa núna er sífellt að uppfærast og umhverfið er orðið mjög flókið.“

Byrja ætti í grunnskólunum

Hún segir að horfa þurfi á hlutina með breiðum hætti til að hægt sé að leysa starfs- mannaskortinn, þ.e. hvernig megi valdefla eldra fólk til að taka þátt í geiranum og á sama tíma kynna ungu fólki, alveg niður í grunnskólaaldur, hvað felst í upplýsingatækni.

„Fyrstu tölvunarfræðingarn- ir, sem eru hluti af hinn stóru „baby boomers“ kynslóð, eru senn að hætta í starfi og að fara að njóta seinni árána. Þetta er að gerast á sama tíma og okkur vantar nú þegar fleira og fleira

”

Ef Ísland ætlar að vera samkeppnishæft um störf þurfum við að vera með regluverk sem gerir okkur kleift að vera samkeppnishæf.

Valgerður Hrund Skúladóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Sensa

fólk í geirann. Þetta er því flókin staða sem þarfnast fjölbreyttra lausna.“

Valgerður telur að byrja ætti strax í grunnskólunum að kynna börnum og unglingum upplýs- ingatækni.

„Það eru margir skólar víða á landinu að gera flotta hluti, t.d. hópur af kennurum á Aust- fjörðum og að norðan sem eru að reyna að bæta upplýsingatækn- inni við námsefnið. Mér finnst líka gaman að skoða Facebook- hópinn „Skólaþróunarspjallið“ og sjá fjölbreyttar hugleiðingar skólafólks um nám, meðal annars þegar kemur að upp- lýsingatækni. Stóra málið er hvernig við undirbúum börnin frá byrjun og kveikjum þennan áhuga. Hvernig við tendrum sköpunarkraftinn í að taka þátt í þessum geira. Það er nefnilega hugmyndaflugið og sköpunar- krafturinn sem hefur svo mikið

að segja, og leiðir til stofnun þeirra nýsköpunarfyrirtækja sem hafa sprottið upp á undan- förnum misserum.“

Hún segir jafnframt mikil tækifæri fyrir nýútskrifaða sérfræðinga til að stofna fyrir- tæki hér á landi. „Nýsköpunar- sviðið er allt annað í dag en áður. Dyrnar fyrir fjármagn eru mun greiðfærari en áður ef þú lumar á góðri hugmynd.“ Hún bætir við að ef Ísland ætli sér að verða ný- sköpunarland þurfi að leggja enn meiri áherslu á upplýsingatækni.

Sveigjanleiki eykur samkeppnishæfni

Valgerður segir að íslensk stjórn- völd hafi á undanförnum árum gert heilmikið í því að greiða leið erlendra sérfræðinga til að starfa hér á landi. Þá nefnir hún sérstaklega markaðsherferðina „Work in Iceland“, sem stjórn- völd réðust í, í samstarfi við Ís- landsstofu. „Við erum samt sem áður ekki komin alla leið miðað við þær nágrannaþjóðir sem við berum okkur saman við.“

Hún segir mikilvægt fyrir samkeppnishæfni Íslands að bjóða erlendu jafnt sem innlendu starfsfólki upp á sveigjanleika í starfi. „Sveigjanleiki og flæði er það sem yngri kynslóðirnar krefjast, bæði þegar kemur að því hvar og hvernig þú vinnur. Ef Ísland ætlar að vera samkeppnis- hæft um störf þurfum við að vera með regluverk sem gerir okkur kleift að vera samkeppnishæf.“



Valgerður telur að byrja ætti strax í grunnskólunum að kynna börnum og unglingum upplýsingatækni.

„Purfum að halda áfram að vaxa“

Guðmundur Árnason, fjármálastjóri líftækni-fyrirtækisins Controlant, lítur fram-tíðina björtum augum þessa dagana enda er fyrirtækið á grænni grein eftir að hafa tekið beinan þátt í baráttunni við veiruna skæðu. Hann segir tækni félagsins í það minnsta 1-2 árum á undan samkeppninni og því um að gera að hamra járníð meðan það er heitt og hasla sér völl sem víðast.

JÚLÍUS ÞÓR HALLDÓRSSON
julius@vb.is

Guðmundur Árnason, fjármálastjóri líftækni-fyrirtækisins Controlant, segir félagið komið í kjörstöðu til að færa út kvíarnar og vaxa hratt í krafti tæknilegs forskots á markaði sínum. Helsta hindrunin sem staðið geti því fyrir þrifum sé skortur á sérhæfðu vinnuafli, en félagið vikkadi nýlega net sitt í því skyni að sækja á fleiri mið hvað það varðar.

Hvað stefnu og áherslur í þróunarvinnu Controlant varðar ræðst hún að miklu leyti af þörfum viðskiptavina, sem félagið vinnur náið með við að þróa lausnir sínar áfram, enda fáir sem þekkja óskir og þarfir viðskiptavinarins betur.



Við höfum einfaldlega þróast svo hratt undanfarin ár að við erum klárlega fremst í flokki hvað tæknina varðar þessa dagana.

Guðmundur Árnason fjármálastjóri Controlant

„Þetta snýst allt um að nýta okkar tækni og sjálfvirknivæðingu til að gera aðfangakeðjurnar þeirra sífellt sterkari og betri og skapa þannig fyrir þá virði sem kemur fram í formi aukinnar hagræðingar og þar með aukins svigrúms til að bjóða svo neytandanum betra verð.“

Félagið hefur verið í töluverðum vexti erlendis þessa dagana og opnaði sem dæmi nýlega skrifstofu í Póllandi og er að opna aðra í Danmörku, auk þess sem ekki síður er horft til Bandaríkjanna eftir tækifærum. Að fjarvinnu meðtalinni er félagið nú alls með starfsfólk í 10 löndum.

Nauðsynlegt að einfalda þunglamaleg innflytjendalög
Guðmundur segir Ísland glíma við það lúxusvandamál þessa dagana að þar sé einfaldlega slíkur fjöldi fyrirtækja að gera frábæra hluti sem öll keppist



Guðmundur Árnason, fjármálastjóri Controlant, horfir björtum augum fram á við enda félagið í fádæma góðri stöðu. VB MYND/EYÞÓR

Möguleikar í samkeppni

- Aðspurður segir Guðmundur að gangi allt að óskum sé mjög erfitt að segja til um efri mörk þess mikla vaxtarfasa sem fyrirtækið er í um þessar mundir. „Þessi markaður er það stór að við bara sjáum ekki hvar þakið liggur í því, ef það er þá til staðar yfir höfuð.“ Guðmundur bendir á að á sama tíma og mikil vöntun sé á sérhæfðu tæknifólki hér á landi og víðar hafi tæknirísarnir í Mekka slíks starfsfólks, Kísildal, verið að segja upp fólk í tugþúsundavís síðustu misserin. „Það er spurning hvaða áhrif það hefur, það ætti að gefa minni aðilum tækifæri til að fá gott og reynslumikið fólk til sín,“ segir hann hálf kíminn.

um sama starfsfólkið, að verulegur skortur sé orðinn á fólki með bæði „sérfræði-“, og „sér-

hæfða“ þekkingu, eins og því sé skipt upp í þunglamalegum innflytjendalögnum í dag.

„Eins og við sjáum þetta verðum við sem samfélag að fara að einfalda ferlið við það að flytja fólk með þessa þekkingu til landsins,“ segir Guðmundur. Controlant sé aðeins eitt af mörgum stórum og stækkandi fyrirtækjum í dag sem verði sífellt stórtækari í innflutningi vinnuafis. Stærri og öflugra net vanti til að grípa fólk og taka vel á móti því, þá sérstaklega nánustu fjölskyldu fólks sem flytur hingað vegna vinnu.

„Þau þurfa oftast hjálp við að

Við færum þér lífsgæði með lögnum



Hitaveita



Vatnsveita



Fráveita



Raf- og gagnaveita

Lífsgæði Íslendinga grundvallast af náttúrulegum auðlindum en fáar þjóðir eiga jafn mikla möguleika á farsælli framtíð á sviði orku og umhverfsimála. Set á að baki áralangt og gott samstarf við veitufyrirtæki landsins við nýtingu og flutning gæðanna.



Framúrskarandi
fyrirtæki





Controlant

”

Eins og við sjáum þetta verðum við sem samfélag að fara að einfalda ferlið við það að flytja fólk með þessa þekkingu til landsins.

Guðmundur Árnason fjármálastjóri Controlant

komast inn í skóla og leikskóla sem dæmi, og bara almennt við að aðlagast samfélaginu sem fyrst, enda oftast ríkur vilji til þess þótt tækifærin geti verið af skornum skammti.“

Sérhæft starfsfólk aðstoðar við aðflutning

„Það kæmi mér á óvart ef Alvotech – sem hefur verið leiðandi í þessu síðustu árin – væri ekki komið í þriggja stafa tölu af starfsfólki sem gengið hefur til liðs við fyrirtækið með þessum hætti. Það eru allir að berjast við að finna einhverjar leiðir til að einfalda þetta.“

Guðmundur segir þetta tví-mælalaust veigamesta atriðið í rekstri fyrirtækisins sem stjórnist af ytra umhverfi þess, en af tæplega 400 starfsmönnum hér á landi eru 180 erlendir sérfræðingar.

„Við værum í meiriháttar vandræðum ef við hefðum ekki aðgang að öllu þessu fólki sem kemur til landsins,“ bætir hann við og rifjar upp sögu Daniels Barrios Castilla, sem sagði farir sínar af innflytjendayfirvöldum ekki sléttar í fylgiritinu Viðskiptaþing sem fylgdi Viðskiptablaðinu í maí

Covid-verkefnið tryggði félaginu sess

„Við erum að koma út úr þessu Covid-verkefni, sem er reyndar enn verulega stórt í umfangi hjá okkur og verður áfram, enda mun sú dreifing halda áfram næstu ár, þar sem þetta bóluefni verður árlegt eins og fyrir influensunni í það minnsta næstu árin.“ Guðmundur segir þó ekki síður um vöxt að ræða hjá öðrum viðskiptavinum en bóluefnaframleiðendum um þessar mundir, enda hafi bóluefnaverkefnið gert mikið fyrir ímynd og orðspor fyrirtækisins og til að koma því á framfæri. „Í kjölfarið höfum við átt í meira og dýpra samstarfi bæði við þá og aðra. Þetta verkefni hefur í raun tryggt okkur sess sem leiðandi fyrirtæki í heiminum á okkar sviði og skapað okkur mikil tækifæri til framtíðar bæði til skamms og langs tíma.“

180

Á skrifstofu Controlant hér á landi starfa 180 erlendir sérfræðingar.

síðastliðnum. „Við erum komin með fólk sem er farið að sérhæfa sig í þessu; að leiðbeina og hjálpa fólki í að eiga við kerfið þegar koma þarf nýju starfsfólki til landsins að utan.“

Vilja nýta meðbyrinn meðan hann varir

Guðmundur sparar ekki stóru orðin þegar kemur að samkeppnisstöðu Controlant á sínum markaði í dag. „Við höfum einfaldlega þróast svo hratt undan-

farin ár að við erum klárlega fremst í flokki hvað tæknina varðar þessa dagana. Miðað við þar sem við höfum verið að sjá hjá öðrum á þessum markaði þá höfum við í það minnsta eins til tveggja ára forskot.“

Hann tekur undir og útskýrir nánar að það sé raunar einmitt hvað helst af þessum ástæðum sem stjórndur sjái sérstakt sóknarfæri í örum vexti í dag. Einmitt þannig verði forskotið nýtt til fulls. „Við viljum ólmir nýta þann byr sem við erum með í seglunum núna til að ná sem mestum árangri á sem skemmstum tíma og tryggja okkur þar með eins marga viðskiptavini og við getum.“

Frekari fjármögnun flýti fyrir

„Við vorum í miklum vexti fyrir faraldurinn en hann hægði svolítið á þeim vexti með öðrum kúnnnum, þar sem vinnan við bóluefnið tók forgang fram yfir

allt annað og allir kraftar okkar fóru í það.“

Í dag eru öll þau verkefni hins vegar komin á fullt skrið aftur og stefna í að verða ein mikilvægasta undirstaða vaxtar á næstu mánuðum og árum að sögn Guðmundar. Þau feli þó fyrst og fremst í sér áframhaldandi innleiðingu og þróun þeirra lausna sem fyrirtækið hefur boðið hingað til. „Við þurfum að halda áfram að vaxa,“ heldur Guðmundur áfram, „svo er spurning hvernig við förum að því, en við höfum alveg skýra mynd af því hvert við erum að fara næstu árin,“ útskýrir hann í framhaldinu. Stærsta spurningin sé einfaldlega hversu hratt takist að finna fólk til verksins. „Þetta er bara spurning um að finna það fólk og ná að byggja okkur upp á þeim hraða sem við þurfum.“

Þótt starfsmannamálin séu helsta fyrirstaða vaxtar þessa dagana er möguleikinn og þörfin á frekari fjármögnun að sama skapi í sífelldri skoðun. „Við vinnum að því reglulega eins og flest vaxtafyrirtæki, og erum meðal annars að því núna,“ segir hann að lokum en vill lítið gefa upp um gang þeirra mála sem stendur annað en að stefnt sé að því að sækja um 5-7 milljarða króna til að byrja með og að áhuginn sé mikill.

„Við erum í sjálfu sér í sjálfbærum rekstri og gætum haldið áfram þannig. Hugsunin með frekari fjármögnun er aðeins til að geta vaxið enn hraðar.“

HJÁ ÍSRÖR FÆRÐU INNTAKSPÉTTI

FRÁ KRASO[®]

EINFACH + DICHT



VERK UNNIÐ Á ÍSLANDI INNTAKSPÉTTI
OPIN OG SETT EFTIRÁ

NÝTT

INNTAKSPÉTTI FYRIR
KJARNABORAÐ OG RÖR



FJÖLPÉTTI
FYRIR STRENGI.

INNTAKSPÉTTI FYRIR BROTTIN
EÐA ÓREGLELEG GÖT


NÝ GERÐ HITAVEITURÖRA HJÁ ÍSRÖR

FIBREFLEX 10 BAR OG 16 BAR

- FIBREFLEX RÖR FÁST Í RÚLLUM 25 – 160 MM
- MEIRA HITAPÓL, VINNSLUHITI UPP Í 95°
- FIBREFLEX NÚ FÁANLEGT Í RÚLLUM 25 – 160 MM
- PE KÁPA RIFFLUÐ

RK Radius - Kelit
Infrastructure

FIBREFLEX PIPE
CONSTRUCTION



NÝTT

HRINGHELLA 12 | 221 HAFNAFJÖRÐUR | SÍMI 565 1489
FARSÍMI 894 5955 | ISROR@ISROR.IS | WWW.ISROR.IS

ÍSRÖR

Mikil tækifæri fyrir hagkerfið í öflugum iðnaði

Fjölmörg og stór tækifæri til vaxtar hagkerfisins eru í íslenskum iðnaði. Áform eru innan greinarinnar um verulega aukningu í útflutningi og umfangsmiklar fjárfestingar í innviðum eru fram undan. Ef af þessum áformum verður munum við sjá meiri hagvöxt á næstu árum en nú er reiknað með í hagvaxtarspám. Við gætum jafnvel séð verulega aukinn hagvöxt ef vel tekst til.

Iðnaðurinn skiptir miklu máli
Umfang iðnaðar er mikið í íslensku efnahagslífi. Það skiptir því miklu fyrir hagkerfið í heild hvernig greinin þróast. Iðnaður er stærsta greinin í útflutningi hagkerfisins með 44% útflutningstekna en innan iðnaðarins eru tvær af fjórum stóðum útflutnings, þ.e. hugverkaiðnaður og orkusækinn iðnaður.

Í iðnaði starfar um einn af hverjum fjórum í hagkerfinu. Rétt tæplega þriðjungur veltu í hagkerfinu er í iðnaði og iðnaður stendur undir nær fjórðungi verðmætasköpunar hagkerfisins og mun meira ef óbein áhrif greinarinnar eru tekin með.

Eins og vægi iðnaðar í verðmætasköpun hagkerfisins ber vitni um hefur vægi iðnaðarins í vexti hagkerfisins síðustu ár og áratugi verið umtalsvert. Þegar litið er til síðasta áratugar hefur iðnaður skapað 30% af allri fjölgun launþega í hagkerfinu. Hlutdeild greinarinnar í hagvexti þessa tíma hefur verið viðlíka. Litið til næstu ára er viðbúið að hlutdeild greinarinnar í hagvexti verði umtalsvert meira.

Fjölbreytt flóra iðnfyrirtækja starfa um land allt. Fyrirtækin eru stór og smá í öllum greinum iðnaðar. Það er þessi fjölbreytileiki sem er styrkur iðnaðarins. Hann rennir stóðum undir samfélagið allt, sama hvar er á landinu. Fjölbreytileiki iðnaðarins skapar efnahagslegan stöðugleika sem er mjög mikilvægur fyrir samkeppnishæfni hagkerfisins og hag heimilanna.

Vöxtur í útflutningi hugverkaiðnaðar fram undan
Talsverður vöxtur hefur verið í útflutningstekjum iðnaðar á



Ingólfur Bender



Tæplega þriðjungur veltu í hagkerfinu er í iðnaði og iðnaður stendur undir nær fjórðungi verðmætasköpunar hagkerfisins.

síðustu árum. Greinin hefur tvöfaldað útflutningstekjur sínar frá árinu 2017. Hugverka-iðnaður hefur verið hratt vaxandi grein í útflutningi og skilaði greinin í fyrra 239 mö.kr. í útflutningstekjur, sem er nær fimmföldun frá því fyrir um áratug samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands.

Nýlega gerðu Samtök iðnaðarins könnun meðal nokkurra fyrirtækja í hugverkaiðnaði á því hvers þau vænta í auknum útflutningstekjum litið til næstu fimm ára. Innan greinarinnar eru fyrirtæki sem hafa verið í miklum vexti undanfarið og áform þeirra um vöxt litið til næstu ára eru stór. Áhrif þessa á hagkerfið verða veruleg, en þetta mun bæði auka verðmætasköpun og fjölga vel launuðum störfum.

Það er ljóst að hugverkaiðnaður getur orðið verðmætasta útflutningsstoð hagkerfisins innan fárra ára. Lífskjör okkar eru háð auknum útflutningstekjum og þar eru tækifærin í hugverkaiðnaði gríðarleg.

Mjög brýnar og arðvænlegar innviðaframkvæmdir
Það er mikil og brýn þörf fyrir uppbyggingu innviða hér á landi hvort sem er í uppbyggingu orkukerfis, íbúða



Orkuskiptin sem eiga að eiga sér stað fyrir árið 2040 útheimta um 800 milljarða króna fjárfestingu.

eða samgangna svo eitthvað sé nefnt. Orkuskiptin sem eiga að eiga sér stað fyrir árið 2040 útheimta um 800 ma.kr. fjárfestingu. Brýnt er að ráðast í þessar framkvæmdir til að ná loftslagsmarkmiðum Íslands og stuðla um leið að auknu orkuöryggi og orkusjálfstæði Íslands. Efnahagslegur ávinningur þeirra framkvæmda verður mikill.

Ríki og sveitarfélög hafa gert með sér rammasamkomulag um byggingu 35 þúsund nýrra íbúða á næstu tíu árum. Markmiðið er að framboð nýrra íbúða mæti þörfum landsmanna en talsvert hefur skort upp á það á síðustu árum. Um er að ræða tvö þúsund milljarða fjárfestingu og tæplega 40% aukning í íbúðafjárfestingu miðað við síðastliðin tíu ár.

Þessu til viðbótar erum við með mikla uppsafnaða fjárfestingar- og viðhaldsþörf í samgöngukerfinu en uppbygging og viðhald samgöngukerfisins hefur ekki verið í takti við þarfir atvinnulífs og heimila um langt skeið.

Um er að ræða fjölda verkefna sem geta skilað miklum þjóðhagslegum ávinningi og eru til þess fallin að hækka fjárfestingarstigið í hagkerfinu og renna stóðum undir framleiðslugetu þess og þar

með verðmætasköpun til lengri tíma. Tafir á framkvæmd þeirra kosta samfélagið allt mikið. Samanlagt er þetta um 730 ma.kr. fjárfesting.

Uppskeran mjög ríkuleg

Til þess að þessi tækifæri sem blasa við okkur í iðnaði skili sér í aukinni verðmætasköpun og fjölgun starfa þarf starfsumhverfi þeirra hér á landi að vera þeim hagfellt. Í könnun sem gerð var meðal félagsmanna SI í aðdraganda Iðnþings var spurt um þá þætti sem myndu helst hefta vöxt viðkomandi fyrirtækis litið til næstu fimm ára.

Á Iðnþingi verða niðurstöðurnar kynntar og endurspegla þær áherslur Samtaka iðnaðarins á þau málefni sem helst hafa áhrif á samkeppnishæfni og framleiðni, þ.e. mannaður, innviðir, nýsköpun, orka og umhverfi og starfsumhverfi. Ljóst er að til þess að við getum nýtt tækifærin sem við okkur blasa í iðnaðinum um þessar mundir þarf umhverfi greinarinnar að vera samkeppnishæft og til jafns við það besta sem gerist í heiminum. Ef rétt er á málum haldið verður uppskeran mjög ríkuleg.

Höfundur er aðalhafgræðingur Samtaka iðnaðarins.

Fjölbreyttar lausnir fyrir hús & nýbyggingar



Einingahús CLT
krosslímt tré



Gluggar & hurðir



Límtré



Yleiningar

Strúktúr er með lausnina fyrir húsið

Allt sem við hugsum, allt sem við gerum,
snýst um þig okkar viðskiptavin



Z Strúktúrhús



Utanhússklæðningar



Stálgrindarhús



Dúkar & þéttiborðar

Við erum alltaf
klár í spjallið

Hafðu samband við okkur



Vaxa úr vandanum

Fjölbreytt og öflugt atvinnulíf er undirstaða góðra lífskjara og vel-sældar. Þar er iðnaðurinn í lykil-hlutverki sem stærsta atvinnu-greinin á Íslandi. Iðnaðurinn kemur víða við í okkar daglega lífi og er mun fjölbreyttari en fólk áttar sig á. Fjölbreytt iðn-fyrirtæki um land allt skapa tugþúsundir starfa og miklar út-flutningstekjur og þannig stóran hluta af þeim verðmætum sem tryggja afkomu fólks, fyrirtækja og samfélaga.

Við Íslendingum höfum bor-ið gæfu til að virkja hugvitið í gegnum aldirnar. Segja má að síðasta iðnbylting hafi orðið á Íslandi á síðustu öld þegar við réðumst í uppbyggingu á öfl-ugu raforkukerfi og hitaveitu. Með því að nýta fallvötnin og jarðvarmann jukum við verð-mætasköpun og tókum stórt skref í átt að auknum lífsgæðum þjóðarinnar. Þessi bylting, sem felst í því að virkja sjálfbæra og endurnýjanlega orku, gefur okkur einnig forskot þegar við tókumst á við loftslagsmálin.

Vaxtartækifæri í iðnaði

Íslenskt samfélag stendur þó á ákveðnum krossgötum. Á Ís-landi hefur ríkt góðæri, kaup-máttur hefur vaxið gífurlega á liðnum áratug og hagvöxtur er talsverður. Áskoranirnar eru um leið umtalsverðar. Verð-bólga er nú of há og verðbólgu-þrýstingur mikill. Vextir eru háir og útlit er fyrir að enn frekari hækkanir gætu verið í pípunum. Krónan er veik og horfur eru á hallarekstri ríkis-sjóðs. Þar blasir ekki síst við öldrun þjóðarinnar sem fer að skella á samfélaginu með mikl-um tilkostnaði.

Áskoranir til framtíðar eru sem betur fer bjartari. Bless-unarlega eru fram undan stór-tæk áform í atvinnulífinu, t.d. í hugverkaiðnaði og lagareldi. Þá blasir við að grundvöllur aukinnar hagsældar er vaxtar-tækifæri alþjóðageirans, en honum tilheyra öll fyrirtæki sem fá útflutningstekjur sem byggja á öðru en okkar tak-mörkuðu auðlindum. Vöxtur alþjóðageirans hefur verið

nokkur en framlag hans til landsframleiðslu og útflutnings er enn lágt miðað við saman-burðarlönd. Þessu þurfum við að breyta, enda hefur Ísland alla burði til þess að hér byggist upp öflugt og alþjóðlegt þekk-ingarsamfélag, byggt að stórum hluta á hugverkaiðnaði.

Lausnin er hvorki stök né einföld. Það er mikilvægt að dregið verði úr útgjöldum og að fjármagni sé forgangsraðað til að fjárfesta til framtíðar í þeim tilgangi að sækja fram, efla samkeppnishæfni okkar og styðja við stoðir íslensks efnahagslífs.

Hugvitið verði stærsta útflutningsgrein okkar

Aðgerðaráætlun til að efla þekkingarsamfélagið á Íslandi var lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda í síðustu viku. Í því felst sú sýn að hægt sé að vaxa út úr sveiflukenndu efnahags-ástandi með því að beina sjónum að hugvitinu. For-sendur slíks vaxtar eru breytt-ar áherslur í menntakerfinu, í vísindum, nýsköpun, sjálf-



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

”

Við verðum að vaxa út úr sveiflukenndu efnahagsástandi og það gerum við með því að hugvitið verði okkar stærsta útflutningsgrein.

bærum þekkingariðnaði og svo mætti áfram telja. Verkefnið er að skapa umgjörðina og marka skýra stefnu þannig að fólk og fyrirtæki geti gripið keflið og hlaupið í mark.

Sýnin um að hugvitið verði okkar stærsta útflutnings-grein ekki úr lausu lofti gripin og ég trúi því innilega að við getum rennt fleiri og sterkari stoðum undir hagkerfi okkar með því að virkja hugvitið og aukið þannig verulega lífsgæði í landinu. Í sameiningu eigum við að undirbúa okkur fyrir verkefni framtíðarinnar, setja okkur skýr markmið um það hvert við stefnum og hvernig við ætlum að komast þangað.

Við þurfum að auka gæði háskólanna og virkja rann-sóknir betur í nýsköpun og efla rannsóknarhlutverk skólanna. Ísland á að vera eftirsóknarverð-ur staður fyrir fólk með stórar hugmyndir, fólk sem skapar fleiri ný og spennandi störf og atvinnugreinar sem byggðar eru á hugviti.

Okkur vantar fólk


Við eflum þekkingarsamfélag-ið og aukum samkeppnishæfni Íslands með því að leysa úr læðingi þá krafta sem myndast við nýsköpun og samþættingu hugmynda sem hreyfiafls í málaflokkum háskóla, vísinda, rannsókna og hugverkaiðnaðar ásamt fjarskipta og upplýsinga-tækni. Með þeim kröftum get-um við skapað ný störf og ný tækifæri, aukið vöxt og verð-mætasköpun íslensks atvinnu-lífs um leið og við bætum lífs-gæði þjóðarinnar til lengri tíma. Það er þangað sem við stefnum og þangað komumst við með samhentum átaki stjórnmalanna, atvinnulífsins og mennta-kerfisins.



Krónan er veik og horfur eru á hallarekstri ríkissjóðs. Þar blasir ekki síst við öldrun þjóðarinnar sem fer að skella á samfélaginu með miklum tilkostnaði.


Lífræn hreinsun skólps

ANAEROBIX HREINSIVIRKI
með síu yfir 90% hreinsun



- Stærðir 3-600 persónueiningar
- Ekkert rafmagn
- Meira en 2ja þrepa hreinsun

ONE2CLEAN HREINSISTÖÐ
allt að 99% hreinsun



- Stærðir 3-1500 persónueiningar
- Rafræn vöktun (valkvæmt)
- Getur hreinsað eColi allt að 99,9%

- Þægilegar í uppsetningu og lítið viðhald
- Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótél o.fl.
- Engar siturlagnir - fyrirferðarlítill
- Mikið pláss fyrir seyru
- CE vottað
- Uppfylla kröfur til hreinsunar á viðkvæmum svæðum t.d við Þingvallavatn

INNIFALIÐ Í VERÐI

- Afhending á verkstað innan 100km frá Reykjavík
- Drengöng með gátlúgu sem tryggja að vökvi komist óhindrað út í jarðveg



HVAMMSHÓLAR





Við þurfum að auka gæði háskólanna, virkja rannsóknir betur í nýsköpun og efla rannsóknarhlutverk skólanna.

VB MYND / AXEL JÓN

Samtök iðnaðarins hafa bent á að það vantar níu þúsund sérfræðinga á Íslandi næstu fimm árin svo að áætlanir um vöxt í hugverkaiðnaðinum geti orðið að veruleika. Ef okkur er alvara með að hér byggist upp alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem eykur hér hagsæld og stækkar kókuna þurfum við fólk. Við þurfum fleiri alþjóðlega sérfræðinga og við þurfum að mennta fólk meira í þeim greinum sem samfélagið okkar kallar eftir svo að vaxtartækifærin í

iðnaði verði að veruleika. Á Alþingi er nú til umræðu frumvarp sem er fyrsta skrefið í að auðvelda alþjóðlegum sérfræðingum að koma til Íslands og er ákveðin hraðleið fyrir greinar í hugverkaiðnaði þar sem vöntun er.

Ef við ætlum að ná árangri fyrir Ísland er mikilvægt að fjölga nemendum í STEAM-greinum og auka samkeppnishæfni íslenskra háskóla. Með skýrri sýn, markvissari vinnubrögðum og nýju reiknilíkani

háskóla verður fjármagni stýrt betur og nýtt í tækifæri sem styðja við áskoranirnar sem við okkur blasa.

Árangur fyrir Ísland

Til þess að alþjóðageirinn geti vaxið hér á landi og orðið að þeirri burðugu efnahagsstöð sem við þurfum, líkt og hann gerir í mörgum samannburðarlöndum, eru háskólarnir í lykilhlutverki í góðri samvinnu við vísindasamfélagið og nýsköpun.

Menntakerfið þarf að þjóna sem best þörfum atvinnulífsins og mæta áskorunum samfélagsins. Þannig aukum við hagsæld og hagnæmni til framtíðar. Við sem samfélag berum öll ábyrgð á að bæta úr stöðunni. Við verðum að vaxa út úr sveiflukenndu efnahagsástandi og það gerum við með því að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein okkar. Þannig aukum við lífs- gæði og fjölgum tækifærum. Þannig náum við árangri fyrir Ísland.

Þau verkefni sem hér hafa verið talin upp eru öll mikilvæg en til að fylgja þeim eftir þarf skýra sýn og pólitískan vilja. Ég hef lagt áherslu á þau í mínum störfum og mun halda því áfram. Arðsöm störf og aukin verðmætasköpun verða þó ekki til á skrifborðum ráðuneyta eða ríkisstofnana. Því er mikilvægt að þau einbeiti sér að því að skapa grundvöll og réttu skilyrðin fyrir fólk og fyrirtæki til að taka hugmyndir og verkefni lengra en áður hefur verið gert og skapa þannig raunveruleg verðmæti fyrir sig og þjóðarbúið. Þannig verðum við fremst meðal þjóða á mörgum sviðum.

Höfundur er háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðgjafi.

SI

Ertu að byggja eða kaupa nýtt? velkomin í nútímann



- Betri loftgæði
- Rétt rakastig
- Minni líkur á myglusveppum
- Minna ryk
- Færri veirur og bakteríur
- Minna orkutap

Loftskiptikerfi

varmaendurvinnsla - loftsiún - loftskipti



Tækifæri til vaxtar í öflugum iðnaði



Kraftur samfélagsins skapar aukin lífsgæði



Sigurður Ingi Jóhannsson



Íslenskur iðnaður
leikur stórt hlutverk
í nútíð og mun í
framtíðinni leiða íslenskt
samfélag til aukinna
lífsgæða.

Íðnþing eru mikilvæg samkoma. Íslenskur iðnaður er gríðarlega öflugur og þeir kraftar sem búa í greininni eru dýrmætir fyrir íslenskt samfélag. Við höfum á síðustu árum séð aukna fjölbreytni í íslenskum iðnaði, sem er mikilvæg til að efla efnahag þjóðarinnar og draga úr sveiflum sem hafa einkennt íslenskt atvinnu- og efnahagslíf.

Ísland stendur frammi fyrir miklum áskorunum þessa dagana. Verðbólga hefur hækkað á síðustu misserum og ef ekkert verður að gert er hætt við því að við upplifum aftur tíma sem við vonuðum að væru alveg að baki. Ástæður verðbólgunnar eru margar. Við erum tiltölulega nýkomin út úr tímabili heimsfaraldurs þar sem þurfti að ræsa út liðsinni ríkissjóðs til að halda samfélaginu gangandi, fyrir-tækjunum starfandi og þar af leiðandi tryggja næga atvinnu fyrir fólk.

Þegar loks fór að léttast á okkur brúnin brast á með innrás rússneska hersins í Úkraínu. Afleiðingar þessa stríðs eru gríðarlegar. Stríðið sem geisar í austanverðri Evrópu hefur áhrif á allan heiminn. Útflutningur hrávöru frá Úkraínu er ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var og auk þess hefur viðskiptabann við Rússland mikil áhrif, ekki aðeins á orkumarkað Evrópu heldur einnig á aðra þætti evrópsks samfélags. Margföldun orkukostnaðar í Evrópu hefur síðan áhrif á alla viðskiptakeðjuna, með tilheyrandi bólgu á verði. Það skilar sér síðan til Íslands í formi hærra vöruverðs og á það jafnt við um matvöru og byggingarefni. Þessu finna allir fyrir, bæði einstaklingar og fyrirtæki.

Verðbólgan er vágestur

Verkefni næstu mánaða er að ná tökum á verðbólgunni. Á Íslandi ríkir þensla. Hér var 6,4% hagvöxtur á síðasta ári. Hér er atvinnuleysi mjög lágt. Einkaneysla er mikil. Til að slá á verðbólguna hefur Seðlabankinn hækkað stýrivexti

verulega á síðustu mánuðum. Áhrifa þeirra hækkana er tekið að gæta. Eftirspurn eftir húsnæði hefur dregist saman og húsnæðisverð staðið í stað eða lækkað.

Þær aðstæður sem eru uppi núna eru okkur ekki ókunnugar. Við sjáum á tölum að sveiflur á byggingamarkaði eru miklar. Frostið sem nú ríkir á húsnæðismarkaði og háir vextir munu að öllum líkindum, ef miðað er við söguna, hafa þau áhrif að byggingafyrirtækin halda að sér höndum, sem gerir það að verkum að geirinn dregst saman, framboð á nýju húsnæði verður mjög takmarkað og þrýstingurinn frá þeirri kynslóð sem þráir að flytja úr foreldrahúsum og í eigið húsnæði verður gríðarlegur og verð á íbúðarhúsnæði hækkar.

Hvað er þá til ráða?

Bætt yfirsýn og markvissari aðgerðir

Nýtt innviðaráðuneyti varð til eftir kosningar 2021. Nú heyrta húsnæðismál, skipulagsmál, samgöngumál og sveitarstjórnarmál undir sama ráðuneytið. Það hefur gert okkur kleift að öðlast betri yfirsýn og ekki síður safna upplýsingum með víðtækum hætti sem byggir undir markvissari aðgerðir.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur unnið að því í samstarfi við innviðaráðuneytið og sveitarfélögin að búa til rafrænar húsnæðisáætlanir sem gera meiri kröfur til sveitarfélaganna um uppbyggingu í takt við íbúðapróun og eftirspurn. Það er ljóst að til að koma í veg fyrir þær sveiflur sem hafa einkennt húsnæðismarkaðinn og ná jafnvægi þarf á næstu tíu árum að byggja 35 þúsund nýjar íbúðir.

Tímamótasamningar við sveitarfélög

Í júlí á síðasta ári undirritaði ég fyrir hönd ríkisins ramma-samning við Samband íslenskra sveitarfélaga um þessa sameiginlegu framtíðarsýn. Hugmyndin er sú að sveitarfélögin skuldbindi sig til að

sjá til þess að lóðaframboð sé nægt til að mæta þörfum markaðarins. Ríki og sveitarfélög munu einnig tryggja að 30% séu hagkvæmar íbúðir á viðráðanlegu verði byggðar með stuðningi ríkis og sveitarfélaga í formi stofnframlaga eða hlutdeildarlána, auk þess sem fimm prósent verði húsnæði fyrir fatlað fólk og aðra hópa í viðkvæmri stöðu.

Jafnvægi í húsnæðismálum er forsenda jafnvægis í efnahagsmálum. Þær miklu sveiflur sem hafa einkennt húsnæðismarkaðinn hafa verið áhrifaþáttur í óstöðugleika í efnahagslífi landsins. Meginmarkmið rammasamnings ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga eru að byggt verði í samræmi við þörf, að framboð íbúða á viðráðanlegu verði sé nægt, að húsnæðisáætlanir haldi utan um og fylgi samningsmarkmiðum og að einn ferill um húsnæðisuppbyggingu sé mótaður til að straumlínulaga uppbyggingarferlið sem best má verða.

Koma verður í veg fyrir tímabundið frost

Í byrjun janúar var undirritaður fyrsti samningur ríkisins við sveitarfélag og var hann við Reykjavíkurborg. Hann markaði tímamót. Markmið samningsins er að í Reykjavík verði á næstu tíu árum byggðar um 16 þúsund íbúðir. Á næstu fimm árum verði takturinn í uppbyggingunni hraðari, allt að tvö þúsund íbúðir á ári, til að mæta uppsafnaðri þörf og mun borgin tryggja framboð byggingarsvæða.

Mikilvægi samningsins við Reykjavík á þessum tímapunkti er gríðarlegt. Við þær aðstæður sem hafa skapast á húsnæðismarkaði er brýnt að ríki og sveitarfélög leggi sitt af mörkum til að skapa jafnvægi á húsnæðismarkaði með stofnframlögum. Vaxtastig er hátt og fjármögnun framkvæmda einkaaðila dýr. Til að koma í veg fyrir tímabundið frost í framkvæmdum með tilheyrandi skorti og verðhækkunum þegar birta tekur er það beinlínis skylda stjórnvalda að brúa bilið.

Stórkostleg tækifæri í orkugeiranum

Tækifærin sem Ísland hefur á næstu árum eru fjölmörg og leikur íslenskur iðnaður stórt hlutverk í að nýta þau sem best. Orkuskiptin eru í fullum gangi. Ljóst er að til að við getum staðið við alþjóðlegar skuldbindingar og um leið aukið lífsgæði á Íslandi þarf að virkja meira á næstu árum. Ávinningurinn fyrir samfélag okkar felst ekki aðeins í minni losun. Á ári hverju kaupir íslenskt samfélag jarðefnaeldsneyti fyrir um það bil 120 milljarða króna. Hagur Íslands af því að kaupa innlenda orkugjafa er gríðarlegur. Við öðlumst með því orkusjálftæði sem er dýrmætt fyrir fullveldi Íslands.

Það er ánægjulegt að fylgjast með stórhuga hugmyndum um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda okkar sem eru uppi víða um land. Við höfum mikla þekkingu og reynslu af orkuöflun sem nýtist okkur vel. Þær hugmyndir sem eru uppi um framleiðslu á rafeldsneyti og lífrænu eldsneyti eru spennandi og gætu ef rétt er á spilum haldið aukið lífsgæði Íslendinga verulega. Stjórnvöld fylgjast vel með þróuninni á þessu sviði.

Hugverkaiðnaðurinn eflist og stækkar

Á síðustu árum hefur hugverkaiðnaðurinn verið í mikilli sókn. Fjölbreytni hans er mikil. Lyfja-iðnaður, tölvuleikjagerð, fjárfækni, kvikmyndagerð og fleiri greinar innan hugverkaiðnaðarins hafa sýnt hvers við megum vænta á næstu árum. Framsýni þeirra sem hafa leitt vöxt hugverkaiðnaðarins er lofsverð og mun allt samfélagið njóta ávaxta af þessum öflugum iðnaði.



Þær miklu sveiflur sem hafa einkennt húsnæðismarkaðinn hafa verið áhrifaþáttur í óstöðugleika í efnahagslífi landsins.

Framtíðin er björt
Það hefur verið frekar dimmt yfir þjóðmálaumræðunni síðustu vikur enda vekur verðbólgan upp slæmar minningar hjá mörgum. Aukið

aðhald í ríkisfjármálum, auknar tekjur ríkissjóðs, góðar spár varðandi ferðaþjónustuna á árinu og einkar góð loðnuvertíð ættu þó að gefa fyrirheit um að við

náum verðbólgu hratt niður. Íslenskt hagkerfi er öflugt og atvinnuvegirnir verða sífellt kraftmeiri og fjölbreyttari. Íslenskur iðnaður leikur stórt hlutverk í nútíð og mun

í framtíðinni leiða íslenskt samfélag til aukinna lífs-
gæða.

Höfundur er innviðaráðherra
og formaður Framsóknar.



Langtímaleiga

Góð þjónusta og mikið
úrval nýlegra bíla.



Hafðu bílamálin einföld og þægileg.

Langtímaleiga er hagkvæmur kostur í bílamálum. Leigutími er frá 3 að 36 mánuðum. Innifalið eru tryggingar, bifreiðagjöld, reglubundnar þjónustuskoðanir, smurþjónusta og dekkja-skipti. Fjármagnsbinding er engin og endursöluáhætta heyrir sögunni til.

Skoðaðu verð og framboð á www.langtimaleiga.is



Þínar þarfir - okkar þjónusta



Afgreiðslustaðir um land allt
Aðalnúmer 461 6000



Þú færð Bosch bílavarahluti hjá okkur

Tunguhálsi 10 | 110 Reykjavík | 415 4000 | kemi@kemi.is | kemi.is



Mikið úrval af smurolíum og
smurefnum frá Valvoline fyrir
allar gerðir ökutækja



Skeifunni 2 | 108 Reykjavík | 530 5900 | poulсен@poulсен.is | poulсен.is

